



BLINDRAFÉLAGIÐ

Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1745
komudagur 10.3.2008

Heilbrigðisnefnd Alþingis,
c/o Nefndarsvið,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík

Reykjavík 8. mars 2008

Álit Blindrafélagsins á frumvarpi til laga um breytingu á iögum um þjónustu og endurhæfingarstöð sjónskertra, nr. 18/1984 – þskj. 583 – 347. mál.


Blindrafélagið er meðmælt umræddu frumvarpi og fagnar því að þar sé gert ráð fyrir að hið opinbera greiði kostnað við umhirðu leiðsöguhunda fyrir blinda.

Jafnframt bendir félagið á að nú er í undirbúningi að setja á stofn nýja þjónustumiðstöð fyrir blinda og sjónskerta sem mun meðal annars taka yfir þjónustuhlutverk núverandi þjónustu og endurhæfingarstöðvar sjónskertra (Sjónstöðvar Íslands). Blindrafélagið telur því einnig koma til greina að setja umrætt ákvæði inn í lagafrumvarp um hina nýju þjónustumiðstöð þegar það verður lagt fram á Alþingi.

Stjórn Blindrafélagsins bendir á að leiðsöguhundar veiti blindum og sjónskertum mjög aukið frelsi til athafna og það sé því mikilvægt að litið verði á þá sem hvert annað hjálpartæki og kostnaður við þá greiddur af almannafé á sama hátt og gert er í nágrannalöndum okkar.

Með vinsemd og virðingu.

f.h stjórnar Blindrafélagsins,
samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi.


Ólafur Haraldsson
framkvæmdastjóri.



Alþingi
Erindi nr. P 135/1687
komudagur 6.3.2008



Alþingi Íslendinga
Heilbrigðisnefnd - nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

FÉLAGS- OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 552 4804
postur@fel.stjr.is
www.felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík 3. mars 2008
Tilv.: FEL08020038/0005

Efni: Umsögn um fyrirleggjandi frumvarp til breytinga á lögum um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, leiðsöguhundar (347. mál).

Með bréfi heilbrigðisnefndar Alþingis, dags. 13. febrúar sl., var þess óskað að félags- og tryggingamálaráðuneytið veitti umsögn um fyrirleggjandi frumvarp til breytinga á lögum um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, leiðsöguhundar (347. mál). Í frumvarpinu er lagt til að Sjónstöð Íslands veiti sjónskertum einstaklingum sem hafa til umráða leiðsöguhund 15.000 kr. framlag á mánuði til að standa undir kostnaði við umhirðu hundsins.

Á fjárlögum ársins 2008 var fjárveiting til Blindrafélagsins og Félags dauflindra til að kaupa 4-5 þjálfaða leiðsöguhunda. Félögin hafa unnið á grundvelli þeirrar heimildar og er gert ráð fyrir að fjórir leiðsöguhundar komi til landsins frá Noregi í september 2008. Félagasamtökin tóku ákvörðun um hverjir munu fá hundana fjóra. Einn hundur var áður þjálfður sem leiðsöguhundur, einnig fyrir tilstilli Blindrafélagsins, en verkefnið mistókst þar sem hundurinn fékk ekki nauðsynlega þjálfun, endurþjálfun eða eftirlit.

Verði kostnaður við umhirðu leiðsöguhunda viðurkenndur með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir, virðist rétt að horfa til þess að leiðsöguhundar verði formlega skilgreindir sem hjálpartæki. Slíkt kallar á að jafnræðis og gegnsæis sé gætt og að sett sé upp nauðsynlegt umsýsluferfi:

- Formlega þarf að skilgreina hund sem hjálpartæki, fyrir blinda og sjónskerta einstaklinga.
- Ákveða þarf skilyrði fyrir úthlutun leiðsöguhunda og tryggja að allir sem uppfylla skilyrði og vilja leiðsöguhund eigi þess kost.
- Ákveða þarf hver annast þjálfun og úthlutun leiðsöguhunda, einnig reglulega endurtamningu þeirra og eftirlit.
- Ákveða þarf hver þjálfar notendur og aðstandendur þeirra í notkun og samskiptum við leiðsöguhundinn, bæði fyrir móttöku hans og eftir móttöku.
- Ákveða þarf hver eigi að hafa eftirlit með notkun, réttri meðferð, starfsgetu og heilsu hundsins. Æskilegt er að gera beina samninga eftirlitsstofnunar við dýralækna og að reikningar vegna þjónustu fari beint til stofnunarinnar.
- Ákveða þarf hvaða aðgerða grípa má til ef um vanrækslu er að ræða eða heilsufari hundsins er ekki sinnt nægilega vel. Skýrt þarf að vera við hvaða aðstæður réttlætjanlegt er að endurskoða úthlutun.
- Skilgreina þarf hvað verður um hunda þegar þeir hætta störfum sökum aldurs eða skertrar

starfsgetu. Vaninn er að hundar fari sem gæludýr inn á önnur heimili þegar starfi þeirra hjá blindum eða sjónskertum einstaklingum lýkur. Einnig þarf að liggja fyrir hvernig annast á hundana ef notendur geta ekki sinnt þeim tímabundið, t.d. vegna ferðalaga erlendis.

- Setja þarf lög sem tryggja að leiðsöguhundar geti farið um staði þar sem hundar er alla jafna ekki velkomnir, eins og veitingahús, matvöruverslanir, hótél, heilbrigðisstofnanir og almenningsfarartæki.

Samkvæmt 4. gr. laga um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra skal Sjónstöð Íslands annast hvers konar þjónustu við sjónskerta einstaklinga, þar með talið úthlutun sérhæfðra hjálpartækja, þjálfun og hvers konar endurhæfingu sem þeir þurfa á að halda. Í flestum nágrannalöndunum er umsjá og öll umsýsla með leiðsöguhundum hins vegar í höndum sérstakra hundastofnana, en ekki hluti af starfsemi sambærilegra þjónustustofnana og Sjónstöðvar Íslands. Samstarf er þó milli aðila varðandi þjálfun notandans í notkun hundsins til umferlis.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið þykir æskilegt að halda áfram stuðningi við tilraun Blindrafélagsins og Félags daufblindra með leiðsöguhundana fjóra. Reynsla sem hlýst af því verkefni verður góður undirbúningur til að byggja upp framtíðarþjónustu sem grundvallast á skýru regluverki, jafnræði, gegnsæi og nauðsynlegu utanumhaldi þjónustunnar. Lagt er til að hafin verði vinna að undirbúningi að setningu reglna sem tryggt getur jafnræði blindra og sjónskertra einstaklinga í aðgangi að því mikilvæga hjálpartæki sem leiðsöguhundar eru.

Fyrir hönd ráðherra

LÁRA BJÖRNSDÓTTIR
Lára Björnsdóttir

ÞÓR G. ÞÓRARINSSON
Þór G. Þórarinnsson

Alþingi
Erindi nr. P 135/1623
komudagur 29.2.2008



Alþingi, heilbrigðisnefnd
Þórunn María Bjarkadóttir, nefndarritari
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ


Vegmúla 3 150 Reykjavík
sími: 545 8700 bréfasími: 551 9165
postur@hbr.stjr.is
heilbrigdisraduneyti.is


Reykjavík 27. febrúar 2008
Tilv.: HBR08020159/00.04.05

Heilbrigðisráðuneytið vísar til bréfs heilbrigðisnefndar Alþingis, dags. 13. febrúar sl. varðandi frumvarp til laga um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, 347. mál, leiðsöguhundur.

Heilbrigðisráðherra mun eftir atvikum tjá sig um málið á Alþingi.

Fyrir hönd ráðherra


Sveinn Magnússon


Guðrún Sigurjónsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 135/1645
komudagur 3.3.2008



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. febrúar 2008
KG/BP/SLB/013/08

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, 347. mál, leiðsöguhundar.

Tryggingastofnun ríkisins vill þakka Heilbrigðisnefnd Alþingis fyrir að fá að koma að umsögn um ofangreint frumvarp.

Tryggingastofnun styður tilgang frumvarpsins. Ef af þessu verður þá telur stofnunin eðlilegt að verkefnið sé í umsjón Sjónstöðvar Íslands eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Hins vegar leggur Tryggingastofnun ekki mat á fjárhæð framlagsins.

Virðingarfyllst,



Sigríður Lillý Baldursdóttir
forstjóri

Tryggingastofnun ríkisins
Laugavegi 114
150 Reykjavík
Sími: 560 4400
Bréfsími: 560 4451
tr.is